# hér&nú

Fimmtudagur 21. desember 2006 – 50. tbl. – 2. árgangur. Verð: 395 krónur.



## VÖLVUSPÁ 2007

UMBROTATÍMAR FRAM UNDAN

## PÖR ÁRSINS 2006



ERFITT AÐ ELSKA Í HOLLYWOOD

SIRRÝ GLÆSILEG Á JÓLASKEMMTUN



FRIÐRIKA OG STEFÁN GERÐU SÉR GLAÐAN DAG MEÐ BÍSTRÓFÓLKI



9 771670 598005 36

Meistarinn er fyrir alla fjölskylduna!



# MEISTARINN




## Meistaraspilið er komið í verslanir

Meistarinn er spil sem byggt er á samnefndum spurningaþætti Stöðvar 2. Spilið býður upp á fjölbreyttar spurningar þar sem keppendur geta sýnt snilli sína ásamt því að kalla fram hámarksspennu milli þeirra.

Hver verður meistarinn heima hjá þér?

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

GOTT FÓLK McCANN





# Hátíðablað Bístró er komið út!

NÝTT TÍMARIT UM MAT OG VÍN!

ÓMÓTSTÆÐILEGT ÁSKRIFTARTILBOÐ

**650 KR. Á MÁNUÐI***

Fyrsta blaðið frítt og tappatogari fylgir með!

**Við framlengjum áskriftartilboðið til 19. desember 2006!**

Áskrift á www.bistro.is
eða í síma: 550 5060

*Miðað við 12 mánaða áskrift./Eingreiðsla

FABRIKAN

# Skyr





## Njóttu lífsins með heilbrigðum lífsstíl

KEA-skyr er frábær hollustuvara sem einungis er unnin úr náttúrulegum hráefnum. KEA-skyr er einstaklega næringarríkt, það inniheldur hágæða prótein og er fitulaust.

KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.




**FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA**

hér&nú

# EITTHVAÐ SÉRSTAKT Á NÝJU ÁRI

Aðspurð í viðtali við Hér & nú segir Unnur Birna Vilhjálmsdóttir að erfiðustu jólagjafirnar séu líklega handa vinkonum hennar. „Ég vil gefa þeim eitthvað sérstakt og flott, eitthvað sem mér myndi sjálfri langa að eiga og ég vanda mig mest í þeim gjöfum.“

Völva Hér & nú hugar að framtíð Unnar Birnu ásamt fleiru forvitnilegu í síðasta blaði ársins. Hún heldur því fram að Unnur Birna hefji störf á ljósvakamiðli og verði fyrirtaks fréttakona. Spennandi að sjá hvað verður.



Held að töfrar jólanna birtist okkur þegar við horfum sérstaklega vel í kringum okkur yfir hátíðarnar og leggjum okkur fram við að sjá litina verða líflegri og hljóðin unaðslegri.

Óska lesendum Hér & nú gleðilegra jóla og velfarnaðar um ókomna tíð.

*Ellý Ármanns*



8



14



28



30-31

## EFNISYFIRLIT


**6-7** hér&nú STJÖRNUR
Starfsfólk 365 fagnaði komu jóla í sínu fínasta pússi.

**8**
Bríet Sunna, Friðrik Ómar og Bogomil Font skemmtu hjá Vodafone.

**10-11**
Pör ársins 2006.

**12-13**
Flottustu kjólarnir 2006.

**14**
Þau eignuðust börn á árinu.

**16-19**
Forsíðustúlkur Hér & nú árið 2006.

**20** hér&nú LÍFSSTÍLL
Pör sem giftu sig á árinu.

**22-27**
Erlendir molar – uppgjör ársins 2006.

**28**
Unnur Birna Vilhjálmsdóttir heldur jólin í faðmi fjölskyldunnar.

**30-31**
Bístró bauð í mat.

**32-40**
Völva Hér & nú hefur stúderað framtíðina gaumgæfilega.

**42-43**
Nylon-stelpurnar huga að jólunum.

**44**
Stjörnuspá Hér & nú fyrir árið 2007.



HRINGDU INN
PARTÍ EÐA FRÉTT
550 50 70

Láttu vita!

*Er veisla framundan? Veistu eitthvað sem enginn annar veit? Hringdu í Hér & nú ef þú lumar á fréttaskoti. Fréttaskotssímsvarinn okkar er 550 5070. Láttu í þér heyra og þú gætir átt fréttaskot vikunnar og fengið 15.000 krónur fyrir. Ef fréttin fer á forsíðu færðu 5.000 krónur og 3.000 ef fréttin þín ratar inn í blaðið. Láttu endilega í þér heyra.*

FRÉTTASKOT hér&nú






**Útgáfufélag** 365 – prentmiðlar
**Útgefandi** Freyr Einarsson ábm
**Ritstjóri** Ellý Ármannsdóttir elly@365.is
**Ritstjórn** Hanna Eiríksdóttir hanna@hognu.is
Indíana Ása Hreinsdóttir Indiana@hognu.is
**Hér & nú** Skaftahlíð 24, 105 Rvík, sími: 550 5000.
**Fax** Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjórn: 550 5075.
**Netfang** Ritstjórn: ritstjorn@hognu.is – **Auglýsingar**: auglysingar@hognu.is.
**Umbrot** 365 – prentmiðlar.
**Prentvinnsla** Ísafoldarprentsmiðja.
**Dreifing** Pósthúsið ehf., dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.



**Jól og galakjólar eiga vel saman** *Nancy og Christi Jo.*



**Starfsfólkið í bókhaldinu geislar** *Sigrún L. Sigurjónsdóttir og eiginmaður hennar Magnús Axelsson.*



**Dúndurflott í tauinu** *Aðalsteinn og Steinunn.*



**Þrælmyndarleg hjón** *Hermann Hermannsson og kona hans Bryndís Steinarsdóttir.*



**Stilltu sér upp fyrir flassið** *Vinkonurnar Dagný Rósa og Gréta.*



**Flott í tauinu** *Rósa og Óli Hjörtur.*

# JÓLIN, JÓLIN, JÓLIN KOMA BRÁTT



*Þórhildur Ólafsdóttir, mágkona Róberts Marshall, Sveinn Guðmarsson, Sigríður Arnardóttir og Kristján Franklín Magnús.*



**Gullfallegt par** *Jón Mýrdal blaðamaður á DV og kona hans Sigrún Guðlaugsdóttir.*



**Borðhaldið hafið** *Margrét Hugrún blaðakona ásamt félaga sínum.*



**Fjallmyndarlegar blaðakonur** *Dröfn Snorradóttir sem skrifar vægast sagt skemmtilega pistla í Sirkus og Jakobína Davíðsdóttir blaðakona á DV.*



**Krakkarnir á FM957** *Brynjar Már, Kristín Ýr, Rikki G og Valdís.*



**Ómótstæðilegir** *Auðunn Blöndal og Ofurhugi.*

*Ljósmyndir: Stefán Pálsson*

Starfsfólk 365 fagnaði komu jólanna yfir kræsingum á Hótel Sögu um síðustu helgi. Ljósmyndari Hér & nú náði að mynda gestina sem voru klæddir í sitt fínasta púss.






**Stuðið að byrja** *Bogomil Font ræðir við gesti og kemur liðinu í gírinn fyrir næsta lag.*

**Dönsum við í kringum einiberjarunn** *Gestir dilluðu sér í takt við tónlist Bogomils.*

# BOGOMIL FONT OG 20 MANNA STÓRSVEIT Í STÆRSTU VODAFONE-VERSLUN Í HEIMI

Það var mikið fjör í verslun Vodafone í Skútuvogi um helgina þegar fyrirtækið opnaði stærstu Vodafone-verslun í heimi. Vodafone fékk fjölmarga listamenn til þess að stíga á stokk við mikinn fögnuð viðskiptavina og gesta. Þeir sem fram komu voru Bríet Sunna, Brain Police, Friðrik Ómar og Bogomil Font ásamt 20 manna hljómsveit. Mikil stemning var orðin í versluninni þegar Bogomil kom fram og söng jólalögin með sínum hætti. Hafði starfsfólk á orði að aldrei hefði verið jafn mikið stuð í vinnunni og einmitt þennan dag.



**Samúel og Bogomil** *Sammi múltítalent í Jagúar stillir sér upp við hlið Bogomils.*




**Jenni flottur** *Jenni í Brain Police lifir sig vel inn í sönginn.*



**Friðrik Ómar** *Söngvarinn hefur skemmtilega framkomu og er jákvæður. Hann er svo sannarlega á uppleið.*



**Bríet Sunna spjallar við unga aðdáendur** *Í nógu hafi Bríet að snúast þegar hún var beðin um eiginhandaráritanir.*



**Náttúrulega falleg** *Bríet Sunna verður fallegri með hverjum deginum. Fersk og brosmild.*



# VIÐ BJÓÐUM UPP Í DANS

- Mambó
- Tjútt
- Freestyle
- Break
- Salsa
- Brúðarvals
- Barnadansar
- Samkvæmisdansar
- Sérnámskeið fyrir hópa
- Nýjustu tískudansarnir
- Börn – Unglingar – Fullorðnir

**Innritun og upplýsingar í síma 553 6645 eða á dansskoli.is**

**Ýmis starfsmanna- stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.**

DANSSKÓLI
Jóns Peturs og Köru

Dansráð Íslands | Faglærðir danskennarar

Borgartún 6 | 105 Reykjavík | sími 553 6645 | fax 568 3545 | dans@danskoli.is | **www.dansskoli.is**

# PÖR ÁRSINS 2006



Svava Johansen verslunarkona og Björn Sveinbjörnsson eru líklega fallegasta par landsins. Hún tískudrottning Íslands og hann frægasta karlfyrirsætan. Klikkar ekki.



Garðar Thór Cortes og Tinna Lind voru sæt saman þegar þau mættu á Grímuna. Parið er án efa eitt það flottasta á landinu í dag og hefur verið duglegt að mæta og sýna sig á hinum ýmsu samkomum.



Bubbi Morthens og Hrafnhildur Hafsteinsdóttir eru án efa par ársins 2006 enda finnst varla glæsilegra par. Bubbi er sannkallaður kóngur Íslands og réttilega nældi hann sér í eina af glæsilegustu konum landsins en Hrafnhildur er fyrrverandi fegurðardrottning Íslands. Þrátt fyrir tuttugu ára aldursmuninn eru þau ægilega sæt saman!



Magni „okkar“ Ásgeirsson sló eftirminnilega í gegn í Rock Star: Supernova. Flestir vissu hver Magni væri áður en hann fór í keppnina enda hefur hann sungið með hljómsveitinni Á móti sól um áraraðir. Í dag er aftur á móti enginn sem veit ekki hver Magni er og hefur konan hans Eyrún Huld og barnið þeirra Marinó einnig slegið í gegn. Flott fjölskylda!



Leikkonan Helga Braga Jónsdóttir frumsýndi nýja kærastann sinn hann Sæmund á Grímunni. Heppinn maður og flott par!



Idol-stjörnunni Snorra Snorrasyni og kærustunni hans til margra ára Ingu Þóru Jónsdóttur skaut upp á stjörnuhimininn þegar Snorri var valinn Idol-stjarna ársins. Snorri og Inga Þóra eru stórglæsileg og tekið er eftir þeim hvar sem þau koma. Þau eiga þrjá stráka, hafa verið saman síðan þau voru unglingar en virðast alltaf jafn ástfangin.



**KLÁRAR OG SÆTAR**
*Jóhanna Vilhjálms og Ragnhildur Jónsdóttir eru stórglæsilegar báðar tvær. Jóhanna mætti í ljósum buxum og topp á árshátíð RÚV en Ragnhildur valdi fallegan rauðan kjól.*



**TVÆR SÆTAR**
*Arnbjörg Hlíf Valsdóttir var sérstaklega flott þegar hún mætti ásamt vinkonu sinni á Grímuna.*

Ljósmyndarar Hér & nú mættu á helstu viðburði ársins 2006 og tóku myndir af mörgum glæsilegustu konum landsins. Hér & nú valdi nokkrar fallegar konur sem kunna að klæða sig eins og sést á þessum myndum.

# FLOTTUSTU KJÓL



**GLÆSILEG**
*Elín Hirst var flott í rauðum kjól á árshátíð RÚV.*



**ALGJÖRAR PÆJUR**
*Eva Dögg, Helga Braga og Ragnheiður Guðfinna voru flottar á því á Grímunni.*



**RETRÓ**
*Halla Vilhjálms X-Factor kynnir var sæt að vanda með vinkonum sínum á Eddunni.*



**SÆT Í BLEIKU**
*Ólöf Rún Skúladóttir fréttakona var sæt í þessum bleika kjól á Eddunni.*



**ALLTAF FLOTT**
*Ilmur Kristjánsdóttir er algjör dúlla og var glæsileg í þessum skósíða kjól þegar hún mætti á Edduna.*

# AR ÁRSINS 2006

# ÞAU EIGNUÐUST BÖRN Á ÁRINU



Knattspyrnuparið Hrefna Jóhannesdóttir og Adolf Sveinsson fjölgaði mannkyninu í júlí.



Leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir og kærastinn hennar Ari Sigvaldason eignuðust sitt fyrsta barn á árinu.

Árni Þór Vigfússon og Mariko Margrét Ragnarsdóttir eignuðust sitt fyrsta barn í maí og er það strákur.

Umboðsmaður Íslands Einar Bárðarson og eiginkona hans Áslaug Thelma eignuðust sitt fyrsta barn í maí. Einar og Áslaug Thelma giftu sig í Skálholti í fyrra svo þau gera þetta allt í réttri röð.

Þóra Tómasdóttir í Kastljósinu og blaðamaðurinn Þórarinn Þórarinsson eignuðust stelpu í mars. Sigmar Guðmundsson, líka í Kastljósinu, er fósturpabbinn.

Íris Kristinsdóttir söngkona eignaðist dótturina Emmu í febrúar. Stelpan er annað barn Írisar sem eignaðist son þegar hún var aðeins 18 ára.

Söngkonan Þórunn Lárusdóttir og Snorri kærastinn hennar eignuðust sitt fyrsta barn á árinu.

Tónlistarparið Hildur Vala Idol-stjarna og Jón Ólafsson eignuðust saman barn á árinu. Um fyrsta barn Hildar Völu er að ræða en Jón á tvær dætur fyrir, þær Sigyn og Snæfríði.

Esther Talia Casey eignaðist líka barn á árinu, stelpu sem fæddist í október.

Sóley Kristjánsdóttir, dj og sálfræðinemi, og kærastinn hennar sem heitir Freyr og er arkitekt eignuðust sitt fyrsta barn.

Addi Fannar úr Skítamóral og Yesmin Olsson eignuðust barn á árinu en um fyrsta barn þeirra er að ræða.

Leikaraparið Atli Þór Albertsson og Bryndís Ásmundsdóttir eignaðist dótturina Þórdísi Freyju en þau áttu fyrir soninn Ásmund.




# Veldu þann sem þér þykir bestur!

1. ÁN BRAGÐEFNA
2. ÁN GELATÍN*
3. ÁN ROTVARNAREFNA

MJÓLKA

www.mjolka.is

* 18% Sýrður rjómi

# EINLÆGAR EÐALKO

Margar merkiskonur hafa prýtt forsíður Hér & nú á þessu ári. Viðtölin við þær skildu margt eftir sig þegar þær sögðu frá lífsreynslu sinni, bæði góðri og slæmri; af fortíð, nútíð og framtíðardraumum.




„Mig dreymir um að eiga stóra fjölskyldu og hunda í hverju horni. Ég sé fyrir mér að við verðum á Ítalíu í litlu fallegu húsi í litlu þorpi úti í sveit. Stefán gæti ræktað vínvið og búið til rauðvín og ég ólífur, basil og rósmarín...“
**Friðrika Hjördís Geirsdóttir, ritstjóri tímaritsins Bístró.**




„Þetta er erfitt, erfiðasta tímabilið í okkar sambandi. Við verðum að vera sterk meðan á þessu stendur, svo kemur okkar tími. Við höfum stundum þurft að vera í sundur en erum sammála því að það styrki aðeins sambandið.“
**Eyrún Huld Haraldsdóttir, íslenskukennari og kona söngvarans Magna Ásgeirssonar sem sló svo eftirminnilega í gegn í Rock Star: Supernova.**




„Það sem er sorglegast við núverandi veröld okkar í þessu litla samfélagi, þar sem allir þekkja alla, er að öfund er ríkjandi...“
**Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir, fegurðardrottning.**

# KONUR




„Við leggjum neikvæðu raddirnar ekki á minnið en þær eru og verða jú alltaf háværastar. Það er mannlegt og eflaust mjög ríkt í sumum að tala alltaf neikvætt um náungann. Við fáum stuðning hjá vinum og fjölskyldu.“
**Hjónakornin Inga Þóra Jónsdóttir og Snorri Snorrason, Idol-stjarnan 2006.**




„Skapið er yfirleitt í góðu lagi, óháð veðri og vindum. Ef skapið ætti að sveiflast í takt við veðrið væri nánast óbærilegt að búa hér á landi þar sem veðrið breytist oft á dag...“
**Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðisráðherra.**




„Ég var frekar týnd fram eftir öllum aldri. En svo fór ég að skilja alvöruna í þessu. Ég átti ekkert fleiri sénsa. Það var annað hvort að vera svona það sem eftir væri og deyja þarna, eða gera eitthvað fyrir sjálfa mig.“
**Ellý, fyrrverandi söngkona Q4U og dómari í X-Factor á Stöð 2.**




„Mér finnst ég alveg mögnuð að eiga tvö gullfalleg og heilbrigð börn. Þetta er blessun sem ekki allir fá og ég þakka fyrir það á hverjum degi.“
**Íris Kristinsdóttir, fyrrverandi söngkona í Buttercup.**

# EINLÆGAR EÐALKO




*„Margir spyrja mig af hverju ég stútaði mér ekki, en ég hef hreina samvisku og það hefur bjargað mér. Þegar maður hefur alltaf sagt satt, þá óttast maður ekkert.“*
**Jónína Benediktsdóttir, líkamsræktarfrömuður.**




*„Það er náttúrulega hneykslanlegt að fólk skuli ekki geta skoðað sitt líf í friði án þess að Séð og Heyrt þurfi að slá því upp á forsíðu. Auðvitað kemur þetta verst niður á börnunum. Og svo skil ég ekki að það sé forsíðufrétt ef fólk er að skoða sín mál og engin niðurstaða til staðar. Er ekki hægt að bíða þar til niðurstaðan er komin og þá hugsanlega frétt?*

*Í svona litlu þjóðfélagi skal aðgát höfð í nærveru sálar og það er siðgæðiskenndin sem blaðamenn þurfa að hafa í heiðri þegar þeir fjalla um einkamál fólks og sleppa því sem gæti sært aðstandendur.“*
**Guðlaug Halldórsdóttir, athafnakona.**




*„Um daginn sá ég minnst á mig í þremur blöðum og þá fór ég að hugsa: Hvað er að gerast? Fólk má samt ekkert búast við því að ég sé að verða heimsfræg.“*
**Söngkonan Lay Low, Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir.**

# KONUR

„Ég held að allir skilnaðir séu erfiðir... Ég held samt að ég hafi komið sterkari út úr skilnaðinum, því þarna þurfti ég að fara að standa á eigin fótum.“
**Freyja Sigurðardóttir, fitnessmeistari.**







„Það skiptir máli að eiga maka sem manni líður vel með og getur deilt áhugamálum og húmor með. Það gefur lífi okkar líka gildi að við getum hlegið mikið saman.“
**Svava Johansen, verslunardrottning hjá NTC.**




„Ég sá hann sama dag og hann fæddist, en ég man ekkert eftir því. Þegar ég fékk að fara eina ferð í hjólastól fjórum dögum eftir fæðinguna hrakaði mér svo mikið að ég lenti á gjörgæslu... Fyrst stóð ég bara og horfði á hann og grét.“
**Guðrún Árný Karlsdóttir söngkona, sem fæddi fjögurra marka son í fyrra.**




„Við Oliver gerum okkur grein fyrir að það þarf að rækta sambandið. Við förum oft tvö út að borða, ferðumst mikið um á mótorhjólunum okkar og hlúum að ástinni. Mér hefur alltaf þótt gaman að lifa, en aldrei eins og nú. Margir halda að lífið sé betra hinum megin við hornið. Ég veit að svo er ekki.“
**Nanna Guðbergsdóttir, fyrirsæta og fasteignasali.**

# GIFTU SIG Á ÁRINU



Fyrirsætan Ásdís Rán og knattspyrnumaðurinn Garðar Gunnlaugsson giftu sig í júní. Hjónakornin hafa verið áberandi upp á síðkastið en eru nú flutt til Svíþjóðar þar sem Garðar leikur knattspyrnu.

Leikaraparið Rúnar Freyr og Selma Björnsdóttir gifti sig í Fríkirkjunni í Reykjavík í janúar. Um flotta athöfn var að ræða þar sem vinir hjónakornanna sungu. Atli Rafn, Jóhanna Vigdís, Stefán Hilmarsson og Regína Ósk tóku öll lagið auk þess sem Todmobile-tvíeykið Andrea Gylfa og Eyþór Arnalds tók brúðarvalsinn á sinn einstaka hátt.

Fyrirsætan Helga Lind Björgvinsdóttir og Gylfi Einarsson knattspyrnumaður gengu í það heilaga á árinu. Gylfi er atvinnumaður í fótbolta og hjónakornin búa í Leeds í Bretlandi ásamt börnum Helgu Lindar úr fyrra sambandi.



Þóra Sigurðardóttir, betur þekkt sem Birta í Stundinni okkar, og kokkurinn Völundur Snær giftu sig í fallegri athöfn í Fríkirkjunni þann 24. júní.



Þingmaðurinn Ágúst Ólafur Ágústsson og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir létu pússa sig saman í Dómkirkjunni í sumar.






# Uppáhaldskaffið

á augabragði með **Senseo**



**Senseo** Original



**Senseo** City Sensation





**Senseo** Café Noir



**Senseo** Selection

Veldu þá Merrild kaffipúða sem þig langar í og eftir andartak eru tilbúnir einn eða tveir bollar af ilmandi úrvalskaffi.

Með Philips **Senseo** kaffivélinni og Merrild **Senseo** kaffipúðunum nýtur þú þess að fá þér afbragðsgott kaffi án nokkurrar fyrirhafnar hvenær sem þig lystir.

Senseo
Merrild PHILIPS
**Seiðandi bolli af nýlöguðu kaffi**

# BRÚÐKAUP ÁRSINS



**GIFTI SIG Á SAMA ÁRI OG FYRRVERANDI**
*Nicole Kidman var einu skrefi á undan fyrrverandi eiginmanni sínum að gifta sig aftur, en í sumar gekk hún að eiga ástralska kántrí-söngvarann Keith Urban. Það leið þó ekki á löngu áður en vandræðin hófust og Keith er nú búinn að vera í meðferð í meira en þrjá mánuði.*



**TVEGGJA MANNA BRÚÐKAUP**
*Tori Spelling giftist unnusta sínum Dylan McDermont á eyju í Karíbahafinu. Það var enginn annar viðstaddur en þau tvö og einn ljósmyndari sem myndaði brúðhjónin í bak og fyrir.*



**EINS OG PRINSESSA**
*Leikkonan skemmtilega Patricia Arquette giftist Thomas Jane. Athöfnin var látlaus en afar glæsileg. Það var rómantíkin sem réði ríkjum og þess vegna völdu brúðhjónin Ítalíu til þess að játast hvort öðru.*



**GEISLAÐI Á BRÚÐKAUPSDAGINN**
*Það var mikil gleði hjá Mörshu Cross er hún gekk að eiga Tom Mahoney sem er verðbréfasali. Stöllur hennar úr Aðþrengdum eiginkonum létu sig ekki vanta á þessum merka degi.*

Skilnaðirnir réðu ríkjum þetta árið en nokkur ný pör felldu hugi saman á árinu

# ÁSTAR-BLOSSAR ÁRSINS



**BRÚÐKAUP ÁRSINS**
*Það hefur ekki verið svona mikið fjölmiðlafár í kringum eitt brúðkaup síðan Díana og Karl Bretaprins gengu í það heilaga. Tomkat játuðu ást sína í bænum Bracciano fyrir utan Róm. Brúðkaupið var stjörnum prýtt og toppuðu skötuhjúin öll hin brúðkaupin. Það er alveg á hreinu.*



**ROKKGIFTINGIN**
*Eftir tveggja ára samband ákváð rokkaraparið Avril Lavigne og Deryk Whibley úr hljómsveitinni Sum 41 að ganga í það heilaga. Hundrað og tíu manns voru viðstaddir athöfnina og dansaði parið við lagið Irish með The Goo Goo Dolls.*



**Fóru leynt með ást sína** *Ástarsamband Íslandsvinarins Joshua Jackson og þýsku leikkonunnar Diane Kruger fór alveg framhjá öllum þangað til það sást til þeirra í kyssuleik í París. Ástin skín af þessu pari.*

**Ætli þau séu saman?** *Við vitum öll að ein aðalástæðan fyrir skilnaði Kate Hudson og Chris Robinson hafði eitthvað að gera með Owen Wilson. En þau kynntust við gerð myndarinnar You, Me and Dupree. Þau eyddu góðum tíma saman á Hawaii í sumar og hafa sést saman úti að borða í nágrenni Los Angeles. Chris Robinson var sá sem sótti um skilnaðinn. Hm, eitthvað gruggugt við þetta.*





**Hin eina sanna ást** *Nick Lachey var ekki lengi að komast yfir skilnað sinn við söngkonuna Jessicu Simpson og féll kylliflatur fyrir þokkadísinni Vanessu Minillo sem vinnur á tónlistarstöðinni MTV. Þegar þau sjást saman eru þau ekkert nema brosið og virðast bæði vera búin að finna sínu einu sönnu ást.*

Erfitt að elska í Hollywood

# HÆTTU SAMAN Á ÁRINU



**VENNIFER-SAMBANDINU LOKIÐ**
*Við óskuðum þess svo heitt að þetta par meikaði það, enda ótrúlega fallegar manneskjur hér á ferðinni. Það vissu svo sem allir að þetta væri „rebound" samband enda hættu þau saman fyrir rúmum mánuði.*



**SENJÓRÍTAN OG SUÐURRÍKJASJARMÖRINN**
*Þetta var virkilega furðulegt par, en Penelope Cruz og Matthew McConaughey felldu hugi saman við gerð myndarinnar Zahara. Þau hættu saman á árinu en eru góðir vinir.*



**KYNÞOKKAFULLT PAR**
*Scarlett Johansson og Josh Hartnett kynntust við gerð myndarinnar The Black Dahlia. En aðeins fyrir nokkrum mánuðum hættu þau saman.*



**EKKI HAMINGJUSÖM**
*Orlando Bloom féll kylliflatur fyrir hinni áströlsku Kate Bosworth fyrir nokkrum árum. Hún var ung og óreynd í Hollywood og hann upprennandi stjarna. Þau hættu saman fyrir rúmu ári en byrjuðu síðan aftur saman. Það sást bara á þeim að þau voru ekki hamingjusöm.*



**SEM BETUR FER HÆTT SAMAN**
*Jude Law og Sienna Miller hafa átt í stormasömu sambandi. Þau hafa hætt og byrjað saman oftar en við hin skiptum um sokka, en fyrr á þessu ári fékk Jude litli alveg nóg og sagði skilið við Siennu. Sem betur fer.*



**EITT SÆTASTA PARIÐ**
*Rosario Dawson úr Sin City og Jason Lewis sem þekktastur er fyrir að leika í Beðmálum í borginni. Það fór ekki mikið fyrir þeim en þau virtust mjög hamingjusöm.*

Hollywood-stjörnurnar voru duglegar að fjölga sér á árinu,
– nú eða hreinlega bara að ættleiða eins og Madonna gerði svo eftirminnilega.

# STJÖRNUBÖRN ÁRSINS





**Tveggja barna móðir og ekki 26 ára** *Britney Spears kynntist Kevin Federline og byrjaði að unga út börnum. Hún eignaðist Sean Preston í september í fyrra. Í september á þessu ári eignaðist hún sitt annað barn. Í heiminn kom drengur sem hlaut nafnið Jayden James. Við höfum ekki ennþá fengið að sjá hann.*



**Umtalaðasta barn í heimi** *Í marga mánuði eftir að Suri Cruise fæddist voru menn ekki vissir um að hún væri til í alvörunni og að öll meðgangan hefði verið eintóm blekking. En svo var víst ekki. Suri litla er algjört krútt og ótrúlega lík foreldrum sínum.*



**Byrjuð að ættleiða** *Madonna byrjaði seint að eignast börn en hefur fætt þau tvö. Aðeins fyrir nokkrum mánuðum ættleiddi hún drenginn David Banda.*

**Falleg mæðgin** *Breska leikkonan Rachel Weisz og leikstjórinn Darren Aronofsky eignuðust sitt fyrsta barn 31. maí síðastliðinn. Það var drengur og fékk hann nafnið Henry Chance.*



**Fáránlega sæt** *Gwen Stefani eignaðist sitt fyrsta barn ásamt söngvaranum Gavin Rossdale fyrr á þessu ári. Það var drengur sem fékk nafnið Kingston og er sennilega einn sætasti strákurinn vestan hafs. Ótrúlega flott klæddur á myndinni. Þessi strákur á eftir að bræða mörg hjörtu í framtíðinni.*



**Fallegasta fjölskylda í heimi** *Angelina Jolie og Brad Pitt hafa verið blessuð með góðum genum, en þau eignuðust dótturina Shiloh í sumar. Shiloh hefur allt það besta frá foreldrum sínum og á án efa eftir að slá í gegn einn daginn.*



**Nýstárleg barnanöfn** *Leikkonan Gwyneth Paltrow féll fyrir Chris Martin, söngvara í Coldplay. Þau eru komin með myndarlega fjölskyldu. Þau áttu fyrir dótturina Apple og eignuðust soninn Moses á þessu ári.*

# Skilnaðir ársins

## Skilnaður aldarinnar

Bítillinn hefði án efa sleppt því að gifta sig aftur hefði hann vitað hvernig þetta myndi fara. Heather Mills og Paul McCartney eiga bitra og erfiða baráttu fram undan. Það tók Alec Baldwin og Kim Basinger rúm tíu ár að sættast.



# PAUL MCCARTNEY Í DJÚPUM...



**Svik og prettir**

*Hilary Swank kynntist Chad Lowe árið 1992. Þau gftu sig 1997 og voru ein af þessum fáu venjulegu hjónum í Hollywood sem lítið fór fyrir. Snemma á þessu ári ákváðu þau þó að slíta samvistum og kom það seinna í ljós að Chad hafði verið að nota pillur og eiturlyf í laumi mestallan tímann sem þau voru gift. Hilary er komin með nýjan mann upp á arminn og lítur út fyrir að vera mjög hamingjusöm.*



**Myspace-skilnaðurinn mikli**

*Travis Barker og Shanna Moekler eru ekki á allra vörum en þetta MTV-raunveruleikapar skildi fyrr á árinu og varð það ljótt mjög snemma. Þau rifust og dissuðu hvort annað á Myspace fyrir alla að lesa. Það er ekkert heilagt lengur.*



**Skilnaður í SMS-i**

*Britney féll kylliflöt fyrir Kevin Federline, dansara sínum. Þau giftu sig, eignuðust börn og Britney var orðin einhvers konar „white trash“ brandari. Stúlkan áttaði sig þó á hvað væri best fyrir hana og frama hennar. Hún dömpaði K-Fed í gegnum SMS. Smart múv.*



**Fullkomið par**

*Carmen Electra og Dave Navarro voru eitthvað svo fullkomin fyrir hvort annað. En nei, allt kom fyrir ekki, og í júlí á þessu ári tilkynntu hjónin um skilnað sinn eftir þriggja ára hjónaband.*



**Eitruð blanda**

*Hver hefði trúað því að hin saklausa og íhaldssama Whitney Houston myndi falla fyrir vonda stráknum Bobby Brown? Þau giftu sig árið 1992 og hafa gengið í gegnum helvíti saman. Whitney virðist loksins hafa náð taki á lífi sínu og sótti um skilnað frá Bobby. Hún lítur vel út og bíðum við spennt eftir kombakki.*



**Ástin dó – eða var annar í spilinu?**

*Þau voru litla, hippa-, bóhemparið í Hollywood. Lífið lék við þau og ástin blómstraði. Eftir fjögurra ára samband tilkynntu þau allt í einu að þau væru að skilja að borði og sæng. Þau komu öllum á óvart en marga grunar að Owen Wilson hafi átt einhvern þátt í skilnaði þeirra.*

Þremur brúðkaupum og fjórum mánuðum seinna...

# STYSTA HJÓNABAND ÁRSINS



**Gifting á skútu**
*Það var mikið húllumhæ á einkaskútu hjónakornanna. Pamela klæddist hvítu bikiníi og Kid var ber að ofan með Corona-bjór í hendi.*

Það eru alltaf einhver seleb sem gera þau mistök að gifta sig og uppgötva svo nokkrum mánuðum seinna að þau elska bara ekki hvort annað. Þetta er vandamálið með Hollywood. Það eru allir svo raunveruleikafirrtir. Kid Rock og Pamela giftu sig í St. Tropez í júlí og svo aftur í Detroit og Los Angeles. Þau virtust hamingjusöm og lífið lék við þau en í nóvember tilkynnti Pamela að hún hefði misst fóstur og nokkrum vikum seinna sótti hún um skilnað. Hvort fósturmissirinn hafi reynt svona á sambandið er ekki vitað en Kid hefur nú komið fram og greint frá villtu líferni Pamelu. Það hafi verið of mikið fyrir hann. Hver hefði trúað því? Pamela fær því að þessu sinni verðlaunin fyrir stysta hjónaband ársins. Til hamingju!



**Þriggja daga veisla**
*Það var djammað út í eitt eftir veisluna.*



**Annað brúðkaupið**
*Í sleik í Detroit-brúðkaupinu.*



**Í skýjunum**
*Nýgift og lífið lék við þau.*





**Myndir fyrir GQ-tímaritið**
*Þetta er svolítið neyðarlegt. Hjónin pósuðu fyrir GQ-tímaritið fyrir nokkrum mánuðum og eiga þessar myndir að birtast í desemberhefti blaðsins.*

Árið 2006 hefur heldur betur verið Unni Birnu Vilhjálmsdóttur eftirminnilegt. Hún tók sér frí nú fyrir jólin og hefur því notið jólaundirbúningsins og losnað við allt stress honum tengt. Unnur Birna ætlar að vera heima hjá mömmu sinni um jólin í faðmi fjölskyldunnar.

# ERFIÐAST AÐ VELJA GJAFIR HANDA VINKONUNUM

Ég ætla að vera heima hjá mömmu á aðfangadag eins og venjulega," segir Unnur Birna Vilhjálmsdóttir fegurðardrottning sem hefur heldur betur átt skemmtilegt og viðburðaríkt ár. Unnur Birna er mikið jólabarn og hlakkar til hátíðanna. „Við borðum alltaf ofsalega góða svínasteik með puru á aðfangadag, fyrir utan eitt skipti þegar mamma ákvað að elda rjúpur handa afa, en við systkinin mótmæltum mikið og um næstum jól var gamla góða svínasteikin komin aftur."



## Undirbúningurinn í góðum málum

„Ég er alveg rosalega mikið jólabarn og er mikið fyrir að halda í gamlar hefðir tengdar jólunum. Til dæmis get ég ekki hugsað mér annað en að hafa stórt, grænt, lifandi jólatré í stofunni og hangikjötslyktin er alveg nauðsynleg. Með hangikjötsilminum, auk jólaseríanna og kertanna, byrja alltaf jólin hjá mér," segir Unnur Birna og viðurkennir að verða stundum stressuð í undirbúningi jólanna.

„Síðustu jólin hef ég verið að vinna mjög mikið og hef þá ekki komist hjá því að detta inn í þetta jólastress. Í ár ákvað ég að vera í fríi og hef því ekki fundið fyrir neinu stressi. Ég hef reynt að vera tímanlega með gjafakaupin og annað svo þetta er í góðum málum. Ég er næstum búin að öllu, sem er góð tilfinning og ég get því andað rólega."

**„Ég fer stundum í kirkju á aðfangadag og hefði ekkert á móti því að komast í ár og kannski tekst mér að draga litla bróður með mér á meðan mamma eldar matinn," segir Unnur Birna.**

## Keypti gjafir á ferðalögunum

Aðspurð segir Unnur Birna að erfiðustu jólagjafirnar séu líklega handa vinkonum hennar. „Ég vil gefa þeim eitthvað sérstakt og flott, eitthvað sem mér myndi sjálfri langa að eiga og ég vanda mig mest í þeim gjöfum," segir hún og bætir við að hún hafi keypt nokkrar gjafir á þeim ferðalögum sem hún fór í á árinu. „Það voru samt aðallega minjagripir handa fjölskyldunni, eitthvað táknrænt fyrir löndin sem ég var að heimsækja."

## Í sveitina milli jóla og nýárs

Unnur Birna segist stundum leggja leið sína í kirkju á jólunum og vonast til að komast í ár. „Ég fer stundum í kirkju á aðfangadag og hefði ekkert á móti því að komast í ár og kannski tekst mér að draga litla bróður með mér á meðan mamma eldar matinn," segir hún en bætir aðspurð við að hún fari ekki í mörg jólaboð. „Kannski eitt eða tvö sem er passlegt. Vonandi kemst ég svo austur fyrir fjall í sveitina, Fljótshlíðina, á milli jóla og nýárs."

## Ofmetið gamlárskvöld

Varðandi gamlárskvöld segist hún ætla að vera heima fyrir, hún hafi ekki gaman af því að kíkja á djammið niður í bæ á þessu kvöldi. „Mér finnst gamlárskvöld voðalega skemmtilegt til miðnættis en eftir það er það að mínu mati ofmetið. Mér finnst skemmtilegast að vera bara áfram í matarboðinu með vinum og fjölskyldu og njóta kvöldsins í stað þess að fara um bæinn."

*indiana@hognu.is*



**„Mér finnst gamlárskvöld voðalega skemmtilegt til miðnættis en eftir það er það að mínu mati ofmetið."**

EFTIR HÖFUND BÓKARINNAR *SVARTUR Á LEIK*

# STEFÁN MÁNI

# SKIPIÐ

„Algjörlega göldrótt frásögn … ögrandi snilld.“

★★★★★ Sigríður Albertsdóttir / DV



„Skipið býr yfir öllum bestu höfundar-einkennum Stefáns Mána … magnað andrúmsloft sem auðvelt er að sogast inní, ég varð sjóveik …“
Úlfhildur Dagsdóttir / BOKMENNTIR.IS

„Stímandi snilld!“
Bryndís Loftsdóttir / EYMUNDSSON

„Spennusagnaformið steinliggur í höndum hans … rígheldur lesandanum sem neyðist til að klára bókina í einum rykk. Alveg þvottekta spennutryllir.“
Þórarinn Þórarinsson / FRÉTTABLAÐIÐ

„Þetta er með betri skáldsögum á markaði í ár … Ofboðslegur kraftur í henni.“
Kolbrún Bergþórsdóttir / Sex til sjö, SKJÁR 1

„Þéttriðið net lestrarnautnar … gerir skáldsöguna Skipið að þeirri raunverulegu hrollvekju sem hún er.“
Gauti Kristmannsson / Víðsjá – RÚV

„Manni verður ósjálfrátt hugsað til Stephen King … kröftug og vel skrifuð.“
Kolbrún Bergþórsdóttir / BLAÐIÐ

„Mér finnst þetta frábær bók … Þetta er alvöru! … Djöfull væri gaman að búa til þessa bíómynd!“
Ólafur Darri Ólafsson / Sex til sjö, SKJÁR 1

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is



Það var löngu kominn tími til að gera sér glaðan dag og eiga notalega kvöldstund með frábærum mat og góðu víni.

# BÍSTRÓ GERIR SÉR GLAÐAN DAG

Hópurinn sem stendur að matartímaritinu Bístró kom saman á dögunum til að fagna góðum árangri og frábærum móttökum sem þetta glæsilega nýja tímarit hefur fengið, en fyrstu tvö tölublöðin eru nú komin út. Og hvernig á að fagna nýju matarblaði? Að sjálfsögðu með flottri matarveislu, annað væri út í hött.

Konurnar á Bístró hafa borið hitann og þungann af eldamennskunni fyrir blaðið hingað til en það er ekki þar með sagt að strákarnir kunni ekkert fyrir sér í eldhúsinu og þeir buðust strax til að sjá um matseldina og sýna hvað þeir gætu. Það er óhætt að segja að stelpurnar urðu ekki fyrir neinum vonbrigðum og einhverjar raddir heyrðust um að það væri bara best að þeir tækju eldamennskuna að sér hér eftir.

Jólamánuðurinn einkennist oft af þungum mat, ekki síst steikum og öðru kjötmeti, og þess vegna var ákveðið að bjóða upp á eitthvað léttara og frísklegra og fiskurinn var því í aðalhlutverki. Enda er Bístró-fólk þessa dagana að ljúka undirbúningi janúarblaðsins, þar sem fiskur og léttur vetrarmatur verður áberandi.

Veislan hófst á því að vínsérfræðingurinn Þorri Hringsson bar fram forréttinn, salat með geitaosti, bökuðum tómötum og gljáðum valhnetum, skreytt með stökksteiktum nípuræmum. Einkar gómsætur og fallegur réttur, enda ekki við öðru að búast þar sem listmálarinn og sælkerinn Þorri bar ábyrgð á honum.

Gísli Egill Hrafnsson, ljósmyndari Bístró, brá sér næst í eldhúsið og birtist eftir smástund með milliréttinn, tvenns konar hörpuskelfisk, annars vegar maríneraðan í límónusafa, ólífuolíu, kóríander og basilíku og hins vegar grillaðan með smáskvettu af truffluolíu. Rétturinn hlaut einróma lof og sú eina sem lét sér fátt um finnast var yngsti veislugesturinn, þriggja vikna gömul dóttir kokksins – en henni var reyndar ekki boðið að bragða á kræsingunum.

Aðalrétturinn var svo pönnusteiktur þorskhnakki með hrognum og dvergspergli og með honum bar Þorri fram ljúffenga saffran- og hvítvínssósu. Með þessu öllu var drukkið Sauvignon Blanc-hvítvín frá mismunandi framleiðendum og valdi hver vín eftir sínum smekk.

Á eftir þessu kom svo þétt og bragðmikil súkkulaðimús. Ef réttirnir sem á undan fóru hefðu verið þyngri hefðu sjálfsagt einhverjir beðist vægðar og sleppt eftirréttinum en súkkulaðifíklarnir í hópi gestanna (og hvaða kona er ekki súkkulaðifíkill?) voru himinsælir með músina. Punkturinn yfir i-ið var svo ostabakki með nokkrum gómsætum frönskum og ítölskum ostum, sem setið var lengi yfir við spjall og skemmtisögur.

„Þetta er besta jólahlaðborð sem ég hef farið á," stundi ein úr hópnum brosandi út að eyrum að máltíð lokinni. Undir það gátu fleiri tekið og það var samdóma álit Bístró-kvenna að strákarnir hefðu aldeilis sannað sig þetta kvöld.

Ljósmyndir: Gísli Egill Hrafnsson



**Inga Elsa Bergþórsdóttir, aðalhönnuður Bístró og eiginkona Gísla Egils ljósmyndara, frumsýndi nýjasta fjölskyldumeðliminn.**



**Nú voru það strákarnir sem stóðu yfir pottunum og báru fram hvern réttinn á fætur öðrum við mikinn fögnuð.**



**Nanna Rögnvaldardóttir aðstoðarritstjóri, Friðrika Hjördís Geirsdóttir ritstjóri og Stefán Hilmarsson voru öll hæstánægð með vel heppnað kvöld.**



**Þorri Hringsson er ekki bara fróður um vín heldur líka snilldarkokkur.**




**Friðrika og Sólveig glugga í hátíðablað Bístró.**



# VÖLVUSPÁIN ÁRIÐ 2007

Völva Hér & nú sér umbrotatíma á Íslandi árið 2007. Engar alvarlegar náttúruhamfarir verða á árinu þótt það dragi til tíðinda á mörgum öðrum sviðum. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Geir H. Haarde hefja átakalítið stjórnarsamstarf fljótlega eftir kosningar í vor og hagkerfi landsins blómstrar auk þess sem íslenska útrásin vex meira en nokkurn hefði grunað.




E L M D E S I G N
ÍSLENSK HÖNNUN
Laugavegi 1 • sími 511 0991 • www.elm.is



## REYKJANESIÐ OG BLÁFJÖLL

Fyrir árslok 2007 sé ég að það verða miklar jarðhræringar og eldsumbrot á Bláfjallasvæðinu. Vert er að taka fram að fólkið sem býr nálægt því svæði þarf ekkert að óttast því þetta gerist hægt og sígandi. Á Hafnarfjarðarsvæðinu sjást líka jarðhræringar en þó ekki eins öflugar. Svo er engu líkara en að Reykjanesið færist til í gífurlegum náttúruhamförum á árinu.



**Dorrit Moussaieff** *Dorrit upplifir ólgu í tilfinningalífinu næsta ár. Ólafur Ragnar birtist Völvunni elskandi og ljúfur í fasi.*

## DORRIT SLEKKUR ELDA OG ÓLAFUR BIRTIST ELSKANDI

Þegar stjarna Dorritar er skoðuð kemur fram að hún gýs upp eins og eldfjall á tilfinningasviðinu á komandi ári. Hún þarf að slökkva elda sem birtast í kringum hana. Hún birtist viðkvæm og auðsærð. Það er eins og hún verði fyrir erfiðleikum sem fá hana til að skipta skapi jafn snögglega og við hin verðum fyrir flugnabiti eða fáum hóstakast. Hún virðist gjörn á að fá grátköst og verða allt í einu döpur.

Tíminn vinnur með Ólafi Ragnari Grímssyni. Hann er maðurinn sem ryður brautina og sýnir seiglu árið 2007. Hann vill fá sínu fram og notar jafnvel tafir til þess þegar haustar. Ef dómgreind hans eða reynsla segja honum að hann hafi rétt fyrir sér þá beygir hann sig ekki. Hann mætti reyna að verða sveigjanlegri og bregðast ekki við eftir skynjun sinni, heldur aðstæðum. En þegar samband hans og Dorritar er skoðað þá skapar hann eftirsóknarvert umhverfi með hlýju sinni, umhyggju og aðhaldi. Vellíðan ríkir í ástarsambandi þeirra þar sem hrein vinátta ríkir.



**Baltasar Kormákur og Forrest Whitaker við tökur** *Leikstjórinn grípur tækifæri sem tengist Hollywood. Loksins lætur hann tilleiðast, ef marka má Völvuna.*

## LÍF BALTASARS KORMÁKS TEKUR STÖKKBREYTINGUM ÞEGAR HOLLYWOOD KALLAR

Baltasar Kormákur er kjarkaður, gáfaður og fær um að takast á við erfiðar aðstæður á jákvæðan máta. Hann tekst á við hindranir á opinn og hreinskilinn hátt. Talan fjórir margfölduð með tveimur segir til um fjárhagslegt öryggi mannsins og jafnvægi. Átta táknar veraldleg gæði sem í þessu tilfelli tengjast líðan leikstjórans á jákvæðan hátt. Hann treystir því að hlutirnir verði eins og hann einn vill og að honum sé ætlað stærra hlutverk en hann sinnir í dag. Árið fram undan birtist hann sterkur og til bardaga búinn. Ef hann lærir að tala hreint út og segja hug sinn og tilfinningar lifna draumar hans við. Líf hans tekur stökkbreytingum á skömmum tíma, eða réttara sagt fyrir árslok, þegar erlendir aðilar hvetja hann til aðgerða þegar kemur að kvikmyndagerð og leita eftir nánu samstarfi, sem og hann ákveður að takast á við.

# smoothie ávaxtadrykkur

## úr pressuðum ávöxtum




# 100% hreinn fyrir big

**arka** • Sími **562 6222**



**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir**
*Þessi kona mun starfa náið með Geir Haarde og félögum hans vorið 2007.*

**Geir H. Haarde**
*Staða hans styrkist á allan máta. Árið 2007 er hans.*

# FRAMSÓKNARFLOKKURINN UPPLIFIR ERFIÐLEIKA SEM ALDREI FYRR ÁRIÐ 2007

Framsóknarflokkurinn virðist upplifa erfiðar bylgjur hvað sterkast. Þegar erfiðleikar steðja að virðist heildin illa fyrirkölluð og hrekur þar með aðra flokka frá sér með smámunasemi og kröfuhörku. Hins vegar birtast Ingibjörg Sólrún og Geir H. Haarde hér sameinuð í eina sæng. Öllum að óvörum verða þau búin að mynda ríkisstjórn á mettíma. En hvað varðar Frjálslynda flokkinn þá er ápreifanlegt fylgi engan veginn sjáanlegt þrátt fyrir geysilegar væntingar flokksmanna. Vonbrigðin verða gífurleg þrátt fyrir fyrrnefnda bjartsýni. Ekki er minnst á eldri borgara þegar stjórnmálin eru tekin fyrir.





**Jón Baldvin Hannibalsson** *Nýtt hlutverk bíður hans en konan hans Bryndís Schram birtist hér sífellt leitandi.*

# JÓN BALDVIN TEKST Á VIÐ NÝJAN KAFLA OG BRYNDÍS SCHRAM ER LEITANDI

Þegar árið fram undan hjá hjónunum Jóni Baldvin Hannibalssyni og Bryndísi Schram er skoðað er talað um að nýr kafli bíði Jóns. Hann hefst þó eigi fyrr en gamlir siðir og úrelt viðhorf gleymast. Bryndís hugar að góðgerðarmálum í byrjun árs en leitar stöðugt að verkefnum fram á haust.





# GRÍÐARLEGAR FJÁRFESTINGAR FRAM UNDAN HJÁ HREIÐARI MÁ Í KB BANKA

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, er líklega sá forstjóri á Íslandi sem er sjálfum sér nægastur og með hvað sterkastan vilja. Hann birtist viljasterkur í byrjun ársins 2007, ægilega metorðagjarn og með eindæmum klár í því að grípa hvert tækifæri og fylgja eftir hugboðum sínum. Undir hans forystu mun KB banki fjárfesta í risafjármálastofnun í Skandinavíu því hann er viss um hæfileika sína til að hafa vald á gangi mála og yfirstíga hindranir.





# BJARNI ÁRMANNSSON FORSTJÓRI GLITNIS ÁHYGGJUFULLUR

Að öllu jöfnu birtist Bjarni mér sjálfsöruggur, hugrakkur og fylgir löngunum sínum eftir. En allir fá kvíðaköst og finna til óöryggis og hann er engin undantekning. Hér er komið inn á sviptingar í rekstri bankans þegar sumarið gengur í garð. Hans kjörorð verður: „Áfram með það!“ – Hvað sem það kostar eða þýðir. Hann styrkir sjálfsálit sitt með því að vera virkur og í fararbroddi en mun eflaust endurskoða margt í tilveru sinni samhliða umræddum sviptingum sem eiga sér stað innan bankans.

# UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR HEFUR STÖRF Á LJÓSVAKAMIÐLI

Alheimsfegurðardrottningunni verður ekki orðavant þegar hún tekst á við nýtt hlutverk á nýju ári. Hún kýs að vera þar sem fréttirnar gerast og ef hún leyfir sér að stökkva á starfið sem henni býðst í byrjun ársins 2007 gæti hún orðið fyrirtaks fjölmiðlakona. Einhæfni gerir hana kolvitlausa því allt sem er útreiknanlegt eða hægt að setja inn í formúlu er henni nánast bannfæring. Hún finnur sér stöðugt eitthvað sem ögrar henni og virðist vera snillingur í snöggum breytingum. Henni mun vegna vel í nýja starfinu því þjóðin tekur henni opnum örmum. Hún þarf hins vegar að læra að fylgja hlutunum eftir af þrautseigju.



**Magni Ásgeirsson**
*Næsta ár hugar hann að fjölskyldunni í meira mæli reynslunni ríkari.*



**Nýtt starf bíður Loga** *Logi Bergmann Eiðsson hættir að lesa kvöldfréttirnar fyrir landann og snýr sér að öðrum málum.*

## STJARNA MAGNA FELLUR

Landinn hefur haft töluverðar væntingar til Guðmundar Magna Ásgeirssonar en stjarna hans fellur áður en árið fram undan er hálfnað. Það kemur fram hérna að söngvarinn hefur ekki náð að jarðtengja sig á einhvern máta eftir ævintýrið í útlöndum. Allt birtist honum í réttri röð og flýtirinn hjálpar honum ekki að þroskast til þess skilnings sem hann virkilega leitar eftir í þessu lífi. Lærdómurinn af hans hálfu hefur verið numinn.

## LOGI BERGMANN EIÐSSON KVEÐUR STÖÐ 2

Fjölmiðlamaðurinn vendir kvæði sínu í kross árið 2007 í kjölfar sviptinga á fjölmiðlamarkaðnum. Maðurinn dregur sig óvænt í hlé og leitast við að búa sér til unaðsreit. Hann skilur að breytingarnar í lífi hans eru óhjákvæmilegar. Loga verður boðin staða sem reynir á hann á allt annan máta en hann er vanur og honum líkar það vel enda er besti tíminn í lífi hans um það bil að hefjast.

## STRESS OG ANNRÍKI EINKENNIR LANDANN

Íslendingar hafa tilhneigingu til að flýta sér og skapa sér annríki. Það breytist ekkert árið 2007 en við megum ekki neita okkur um þá innilegu ánægju að njóta lífsins og alls ekki gleyma þeirri staðreynd að landið okkar er vægast sagt mjög næmt fyrir sálrænum öflum og líðan fólksins sem hér býr. Þess vegna er eyjan hinn ákjósanlegasti uppeldisstaður mikilmenna.






Pizza Höllin

# Tilboð sem bragð er að!

## Sæktu

**Stór pizza með 2 áleggjum og brauðstangir**
1.590,- kr.

**Stór pizza m 3 áleggjum**
1.590,- kr.

**Stór pizza 3 áleggjum, stór skammtur af brauðstöngum og 2.l gos**
1.890,- kr.

## Fáðu sent

Upplagt fyrir fyrirtæki, hópa, saumaklúbba og partí!

**3 stórar pizzur með 2 áleggjum**
3900.kr

**5 stórar pizzur með 2 áleggjum**
5900.kr

**Mjódd**
**Dalbraut 1**
**Hjarðarhaga 45**

**5 68 68 68**



**Eggert Magnússon hefur það af í Bretlandi** *Styrkur Eggerts er vægast sagt mikill. Hann er öruggur og getur vel verið það því bakhjarlar hans standa þétt með honum.*



**Páll Magnússon sigurvegari ársins** *Páll mun breyta óteljandi hlutum í Efstaleitinu. Í fyrstu verður fólk óttaslegið en allt fer vel.*

## PÁLL MAGNÚSSON SIGRAR

Útvarpsstjórinn nær markmiðum sínum. Hér er minnst á að endir verður á ósáttum eða rifrildi einhvers konar sem tengist RÚV. Páll leyfir hugmyndafluginu að leika lausum hala og framkvæmir áætlanir sínar sem þjóðin sættir sig fullkomlega við. Fjöldauppsagnir birtast fyrir haustkomu og hann gerir róttækar breytingar á stofnuninni. Það mun ríkja mjög gott jafnvægi í Efstaleiti í lok ársins 2007 í kjölfar umrótatímanna.



**Jón Ásgeir Jóhannesson** *Krossleggur hendur sínar á táknrænan máta sökum erfiðleika á tilfinningasviðinu.*

## EGGERT MAGNÚSSON ÖRUGGUR OG STAÐFASTUR Í NÝJA STARFINU

Eggert Magnússon kemst fljótlega að því að flóknara er að reka fótboltalið en kexverksmiðju. Öryggi einkennir umhverfi Eggerts og fjárhag. Hann er hluti af hópi fjárfesta sem stendur þétt við bakið á honum í ævintýrinu og aðstoðar hann í einu og öllu. En á sama tíma gegnir hann vissum skyldum gagnvart fólkinu. Uppeldi Eggerts hefur mótað hann sem manneskju í atferli og háttum á jákvæðan hátt. Bakgrunnur mannsins eflir sjálfstraust hans. Hér er einungis ábending til hans um að hann eigi að huga betur að fólkinu sínu, eða réttara sagt fjölskyldu. Aðstæður eru góðar og hann kemur til með að undra sig á velgengni liðsins árið 2007.

## JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON OG BAUGSMÁLIÐ

Maðurinn ögrar viðskiptafélögum sínum til að vera á tánum í byrjun ársins. Maðurinn fjárfestir í fyrirtæki af stærðargráðu sem hann óraði aldrei fyrir að yrði að veruleika svona fljótt. Umrætt fyrirtæki gerir hann að valdamesta manni í sínu fagi erlendis. Segja má að loksins landi hann þeim stóra.

Því verður ekki neitað að Jón Ásgeir og fjölskylda hans taka nærri sér málaferlin sem hafa staðið yfir gegn fjölskyldunni undanfarin ár. Það er eins og umrædd málaferli hverfi nánast eða fjari út þegar vetur konungur gengur í garð árið 2007. Jón Ásgeir er mikil tilfinningavera og það er eins og hann krossleggi hendurnar í varnarskyni þegar líðan hans er skoðuð varðandi þetta mál.

# Gæðahreinsun – góð þjónusta

## Þekking • Reynsla • Þjónusta

**Skyrtuþvottur / Dúkaþvottur / Heimilisþvottur**

## Hreinsum einnig sængur

**Opið**

**mán-fim 8:00 - 18:00 • föst 8:00 - 19:00 • laugardaga yfir vetrartíma 10:00 - 13:00**

EFNALAUGIN BJÖRG

EFNALAUG ÞVOTTAHÚS

Háaleitisbraut 58-60 · Sími 553 1380



Alma Guðmundsdóttir á afmæli á milli jóla og nýárs og er því mikið jólabarn. Hún segir hátíðarnar snúast um að verja tíma með fjölskyldunni sem vanalega er dreifð um heiminn en sameinast yfir hátíðarnar.

# JÓLIN ERU Í UPPÁHALDI

„Já ég er heldur betur orðin spennt fyrir jólunum," segir Alma Guðmundsdóttir, söngkona í Nylon, sem er á búðarápi þegar blaðamaður nær tali af henni. „Ég á nú ekkert voðalega mikið eftir, hef tekið þetta í smáskömmtum og þetta er lokahnykkurinn," segir Alma og bætir við að sér detti engin ein manneskja í hug sem sérstaklega erfitt sé að versla gjöf handa. „Það er samt alltaf smá púst að ná utan um alla í fjölskyldunni en þetta er voðalega gaman."

**Hamborgarhryggur og hnetusteik**

Alma verður með fjölskyldunni um jólin. Bræður hennar búa erlendis en ætla að koma heim yfir hátíðarnar. „Jólin eru voðalega mikill fjölskyldutími hjá mér. Við erum með svínahamborgarhrygg í matinn á aðfangadagskvöld en þar sem það borða ekki allir rautt kjöt er einnig hnetusteik á boðstólum. Ég borða aðallega hamborgarhrygginn en smakka líka á hinu," segir hún brosandi.

**Fer í messu**

„Ég er alveg ofsalega mikið jólabarn enda á ég afmæli á milli jóla og nýárs svo þetta er meðfætt. Ég byrja að vera spennt snemma og er búin að baka, undirbúa og kaupa jólaskraut og hlusta mikið á jólatónlist," segir Alma og bætir við að hún haldi í margar hefðir tengdar jólunum. „Laufabrauðsútskurðurinn með fjölskyldunni er mér mjög mikilvægur en við förum í hann núna bráðlega þegar allir eru komnir heim. Svo förum við líka alltaf í messu á aðfangadag. Við höfum alltaf farið í Hallgrímskirkju og mér finnst það alveg æðislega hátíðlegt."

**Jólin snúast um fjölskylduna**

Alma segist lítið vera farin að plana áramótin. „Á gamlárskvöld verður enn stærri veisla, þá koma fleiri ættingjar og við erum með hlaðborð með alls kyns kræsingum. Í fyrra var ég að fara til útlanda á nýársdag svo ég var bara heima en ég veit ekki hvað ég geri í ár. Þessi tími snýst hjá mér um fjölskylduna. Við erum ekki mikið saman nema um jólin og svo kannski á sumrin svo mér finnst þetta dýrmætur tími. Það er alltaf mikið hlegið og jólin eru uppáhaldstíminn minn."

***Jólabarnið Alma** „Ég er alveg ofsalega mikið jólabarn enda á ég afmæli á milli jóla og nýárs svo þetta er meðfætt. Ég byrja að vera spennt snemma og er búin að baka, undirbúa og kaupa jólaskraut og hlusta mikið á jólatónlist."*

*Ljosmyndari: Vilhelm*
*indiana@hognu.is*

# FYRSTU JÓLIN ÁN MÖMMU OG PABBA

Emilía Björg Óskarsdóttir verður hjá tengdaforeldrum sínum á aðfangadagskvöld.

„Ég átti afmæli í nóvember og var farin að spila jólalög fyrir afmælið mitt," segir Emilía Björg Óskarsdóttir söngkona og bætir við að hún elski jólahátíðina. „Ég vildi bara að jólin væru oftar, þetta er ótrúlega skemmtilegur tími," segir hún. Emilía er að mestu leyti búin með jólaundirbúninginn. „Ég hef samt gaman af því að fara í bæinn og upplifa jólastemminguna, þar eru allir að gera það sama og eru í voðalega góðu skapi."

**Narta í kalkúninn**

Aðspurð segist Emilía verða hjá tengdaforeldrum sínum á aðfangadag en þetta er í fyrsta skiptið sem hún verður ekki hjá foreldrum sínum. „Þetta eru þriðju jólin með kærastanum og við ákváðum í fyrra að skipta okkur á milli foreldra okkar. Í fyrra vorum við hjá foreldrum mínum og verðum því hjá hans í ár. Þetta er svolítið erfitt enda er ég mikil mömmustelpa en tengdaforeldrar mínir eru yndislegt fólk svo ég er sátt," segir Emilía en bætir við að það erfiðasta sé líklega að borða annan jólamat en hún hafi vanist. „Alveg frá því ég fæddist hefur kalkúnn verið jólamaturinn en í ár fæ ég hamborgarhrygg og verð víst að sætta mig við það. Ég veit samt að ég get komið til mömmu um nóttina eða á jóladag og fengið að narta í afganginn af kalkúninum."

**Spila á jólaböllum**

Emilía heldur í þá hefð að fara í miðnæturmessu í Seljakirkju á aðfangadagskvöld. „Ég hef gert það í nokkur ár og finnst það góð leið til að losa mig úr pakkaflóðinu og matnum og ná að slappa af því það ríkir mikill friður í kirkjunni á þessum tíma. Þetta er alveg æðisleg hefð," segir hún og bætir við að þær stelpurnar í Nylon fái frí fram að aðfangadegi. „Við munum vera með nokkur jólaböll milli jóla og áramóta og svo syngjum við á styrktartónleikum fyrir krabbameinssjúk börn sem er alltaf jafn gaman enda gott málefni."

*Indiana@hognu.is*



***Emilía Björg** „Ég vildi bara að jólin væru oftar, þetta er ótrúlega skemmtilegur tími."*

# JÓLIN ÞJAPPA FJÖLSKYLDUNNI SAMAN

Steinunn Camilla Sigurðardóttir segist vera næstum of mikið jólabarn. Hún elskar að baka, kaupa jólagjafir og verja jólunum með fjölskyldunni.

„Ég held að ég hafi komist í jólaskap í ágúst,“ segir Steinunn Camilla Sigurðardóttir, söngkona í Nylon, og bætir við að hugurinn hafi leitað mikið til jólanna þegar hún dvaldi í útlöndum. „Ég er ofsalega mikið jólabarn, næstum of mikið ef það er hægt,“ segir hún hlæjandi og bætir við að hún starfi ávallt í verslun foreldra sinna, Gulli & Silfri á Laugaveginum, fyrir jólin. „Mér finnst ofsalega hátíðlegt að vinna í versluninni og veit ekki hvar ég væri án þess. Í búðinni kemst ég í mikið jólaskap og það er gaman að aðstoða kúnnana. Einnig finnst mér gaman að baka og kaupa jólagjafir og eyða tíma með fjölskyldunni. Þessi tími þjappar fjölskyldunni saman, sérstaklega þegar maður er búinn að vera mikið erlendis.“

Steinunn og kærastinn hennar verða heima fyrripart aðfangadagskvölds en tengdamamma hennar ætlar að koma í heimsókn til þeirra. „Við höfum það gott með hangikjöti og uppstúf, ostahlaðborði og kökum þangað til um níuleytið þegar við förum heim til foreldra minna þar sem við fáum rjúpur, grjónagraut og jólaölið sem er í uppáhaldi hjá mér, en við blöndum kóki út í appelsínið og maltið.“

Varðandi áramótin segir Steinunn fjölskylduna einnig kíkja í verslunina á Laugaveginum. „Við sprengjum nokkrar sprengjur í hádeginu og um kvöldið er haldin stórveisla þar sem allir í fjölskyldunni koma saman. Við horfum á áramótaskaupið og svo er sprengt eins og við eigum lífið að leysa,“ segir hún og bætir við að hún sé ekki mikið fyrir að kíkja út á lífið. „Það er samt alltaf gaman að kíkja út en þá ætla ég að hafa kvöldið planað því ég nenni ekki að standa úti í kuldanum á pinnahælunum.“

**Steinunn Camilla**
*„Við höfum það gott með hangikjöti og uppstúf, ostahlaðborði og kökum þangað til um níuleytið þegar við förum heim til foreldra minna þar sem við fáum rjúpur, grjónagraut og jólaölið sem er í uppáhaldi hjá mér, en við blöndum kóki út í appelsínið og maltið.“*



Klöru Ósk Elíasdóttur söngkonu líður best á milli jóla og nýárs. Klara verður heima hjá foreldrum sínum um jólin.



**Klara Ósk**
*„Við byrjum svo ekki að opna þá fyrr en allir eru komnir með sína pakka. Þá er einn pakki opnaður svo allir geti fylgst með og við öll notið kvöldsins saman.“*

# ELSKA RJÚPNASÓSUNA HENNAR ÖMMU

„Um leið og jólalögin fóru að heyrast og snjórinn kom komst ég í jólaskap,“ segir Klara Ósk Elíasdóttir, söngkona í Nylon, og bætir við að hún sé mikið jólabarn. „Mér líður alltaf best á milli jóla og nýárs, það er minn tími, þessir letidagar fram að áramótum.“ Hún segist vera búin að kaupa allar jólagjafirnar nema eina. „Ég veit upp á hár hvar ég finn þá gjöf svo þetta er ekkert stress hjá mér.“

Klara verður hjá mömmu sinni og pabba um áramótin en hún ólst upp við að vera um jólin heima hjá ömmu sinni og afa. „Við vorum alltaf hjá ömmu og afa og fengum þar rjúpur en svo breyttist það í fyrra þegar þau fluttu. Mér fannst það svolítið efitt en er orðin spennt í ár enda koma amma og afi til okkar,“ segir hún og bætir við að hún búist við að það verði bæði hamborgarhryggur og rjúpur í matinn. „Ég elska rjúpur og sósan hennar ömmu er í uppáhaldi enda er amma mjög góður kokkur og sérstaklega í sósunum.“

Klara og fjölskylda heimsækja alltaf leiði afa hennar og langömmu á aðfangadag og svo hafa þau mikið skipulag þegar kemur að opnun pakkanna. „Áður en við opnum pakkana les einhver styttri útgáfu af jólaguðspjallinu og svo tekur einhver að sér að lesa á alla pakkana og dreifa þeim. Við byrjum svo ekki að opna þá fyrr en allir eru komnir með sína pakka. Þá er einn pakki opnaður svo allir geti fylgst með og við öll notið kvöldsins saman.“

indiana@hognu.is

# STJÖRNUSPÁIN FYRIR ÁRIÐ 2007

## Vatnsberinn (20. jan.–18. feb.)

### Alls ekki einangra þig árið framundan



Vala Flosadóttir
fædd: 16. febrúar 1978

*Hér birtist einhvers konar einangrun þegar líðan þín er annars vegar árið framundan. Ekki loka þig af heldur opnaðu þig gagnvart þeim sem þú elskar og virðir. Einhver hlúir að þér í byrjun ársins en þú virðist ekki kunna að meta umhyggju viðkomandi miðað við jafnvægi þitt hér. Leyfðu þér að efla sjálf/ur tilfinningar þínar og gleymdu ekki þeirri staðreynd að innsæi þitt endurspeglast í draumum þínum. Vertu meðvitaður/meðvituð um líðan þína þegar líða tekur á sumarið næsta ár því líkami þinn lætur þig vita hvert stefnir ef stressið tekur yfirhöndina. Ef álag háir þér árið 2007 gæti það birst þér í líkamlegum verkjum tengt þindarstöð þinni.*

## Fiskarnir (19. feb.–20. mars)

### Nú skaltu huga að sálinni þinni



Gísli Marteinn Baldursson
fæddur: 26. febrúar 1972

*Viðskipti blómstra hér samhliða stjörnu þinni árið framundan en þitt innra jafnvægi virðist ekki ná að njóta stundarinnar þótt þú hafir náð takmarki þínu sem birtist hér greinilega. Gefðu skynhneigð þinni lausan tauminn, tjáðu þig og viðurkenndu tilfinningar þínar og þá sér í lagi fyrir fólkinu sem þú þráir að tengjast tilfinningaböndum. Hugaðu að því sem býr í brjósti þínu og efldu tilfinningaflæði þitt mun betur, kæri fiskur. Ef þú hefur vanrækt sjálfið, líkama þinn og anda undanfarið ár (2006) er komið að þér að huga mun betur að sálu þinni.*

## Hrúturinn (21. mars–19. apríl)

### Árið 2007 þrengir að þér tilfinningalega



Bjarni Ármannsson
fæddur: 23. mars 1968

*Ögrandi framkoma birtist hjá þér árið framundan. Minnst er á að Mars stjórnar líðan þinni. Hér er á ferðinni tákn útvíkkunar og persónulegrar frelsunar. Ekki leyfa öðru fólki að slá þig út af laginu þegar líða tekur á haustið 2007. Haltu fyrir alla muni ótrauð/ur áfram því hér er einungis hindrun á ferðinni sem er mun auðveldari að yfirvinna en þú telur í dag. Hér þrengir að þér tilfinningalega sem er í raun og veru einhvers konar próf sem þú ert fær um að kljást við.*

## Nautið (20. apríl–20. maí)

### Vetur 2007 sýnir þig í góðu jafnvægi



Unnur Steinsson
fædd: 27. apríl 1963

*Þú munt blómstra þegar vetur konungur gengur í garð árið 2007 þar sem hlýja og væntumþykja einkennir líðan þína í eigin garð og ekki síður annarra. Stjarna þín skín skært og þarfir þínar verða vissulega uppfylltar. Leyfðu þér að viðurkenna framúrstefnulega hugsun þína fyrir sjálfinu og öðrum en hafðu hugfast að vonsvikni vaknar óhjákvæmilega hjá fólki sem vill breyta öðrum og breytist síðan í reiði. Hér birtast hömlur samhliða stjörnu þinni sem hvíla einungis innra með þér, mundu það árið framundan.*

## Tvíburarnir (21. maí–21. júní)

### Nú er mikilvægt að markmiðin séu skýr



Eyrún Huld Haraldsdóttir
fædd: 29. maí 1981

*Haltu þig frá undankomuleiðum sem þú gætir átt til að leita í árið 2007 og fyrir alla muni ekki eyða dýrmætum tíma þínum í dagrauma. Stefndu hátt og settu þér skír og raunsæ markmið til skamms tíma og langframa. Þú átt það til að einangra þig með því að hlaupa hvatvíslega eftir stundarþörfum þínum á sama tíma og þú hafnar öllum málamiðlunum. Óþolinmæði kann að einkenna þig og hugsanlega fleytir þú þér allt of hratt í gegnum lífið. Slakaðu á og hlúðu að þér fyrst og fremst og ekki gleyma að hlusta á tilfinningar þínar og upplifa eina reynslu til fulls í einu. Persónulegar stundarþarfir þínar koma hér fram í lok árs 2007.*

## Krabbinn (22. júní–22. júlí)

### Annir og leti koma í veg fyrir tiltekt



Guðrún Gunnarsdóttir
fædd: 22. júní 1963

*Hér kemur fram að þér hættir til að gleyma harðri baráttu þinni fyrir öryggi og bjartri framtíð miðað við stjörnu þína árið 2007. Þú breytir gjarnan skoðunum þínum árið framundan og einnig kemur hér fram að þú ert ekki eins þrifin/n og t.d. árið sem er um það bil að líða undir lok sökum þreytu eða leti jafnvel. Eignarástríða þín er ávallt mikil miðað við stjörnu Krabbans og á það einnig við elskhuga þinn sem og fjölskyldu en þú munt án efa læra með tímanum hvenær þú gengur of langt í þeim málum. Ráðríki og uppreisn birtist hér samhliða Krabbanum þegar líða tekur á árið 2007.*

## Ljónið (23. júlí–22. ágúst)

### Leitar í spennu árið framundan



Arnór Guðjohnsen
fæddur: 30. júlí 1961

*Þú leitar í spennu árið 2007. Stjarna Ljónsins er fljót að eignast vini því hún er orðheppin, málgefin og mjög klók. Ævintýragirni tryggir að fólk eins og þú hefur ávallt stóran hóp í kringum sig. Þú átt það reyndar til að tortryggja aðra og lætur því sjaldan blekkja þig sem er ágætur kostur í fari þínu. Treystu á innsæi þitt þegar laufin falla árið 2007 varðandi nýjan vinahóp sem tengist þér á einhvern hátt.*

## Meyjan (23. ágúst–22. sept.)

### Reyndu að leiðbeina og aðstoða aðra oftar



Elva Ósk Ólafsdóttir
fædd: 24. ágúst 1964

*Árið framundan ættir þú að nota hæfileika þína við að leiðbeina illa stöddum en hér er jafnvel um fólk sem tengist þér persónulega að ræða. Ákveddu hvað það er sem þú ert fær um að gera og mundu að þú ert ekki hjálparlaus og getur sannarlega fundið tjáningarmáta sem kemur í veg fyrir að þú eða aðrir lendi í einhvers konar varnarstöðu. Þú ert að sama skapi minnt/ur á að fjarlægja eins mikið og hægt er af því sem vekur þér reiði. Þú þarft að sigrast á tregðu þinni við að viðurkenna mistök þín þegar árið 2007 er skoðað.*

## Vogin (23. sept.–23. okt.)

### Allt fer á besta veg hjá þér



Guðmundur Jónsson
fæddur: 11. október 1962

*Sérviska þín er kostur sem þú gætir nýtt þér til framfara árið 2007 miðað við stjörnu vogar. Þér er ráðlagt að beita viljastyrk og skipulagningu næstu daga. Jákvæðar breytingar birtast hér þar sem þú finnur jafnvel fyrir óöryggi en það breytist til batnaðar fyrir lok ársins 2007. Allt fer á besta veg. Þér er ráðlagt að byrja á eigin vellíðan áður en þú hefst handa þegar verkefni einhvers konar er annars vegar. Hæfileiki þinn til að græða virðist óþrjótandi og því skaltu ekki gleyma í febrúarbyrjun.*

## Sporðdrekinn (24. okt.–21. nóv.)

### Ekki gefast upp, ekki gefast upp!



Flosi Ólafsson
fæddur: 27. október 1929

*Dugnaður og metnaður einkennir fólk fætt undir stjörnu þessari árið 2007 en á sama tíma kemur fram prófraun sem tengist mannlegum samskiptum þegar stjarna Sporðdrekans er annars vegar. Hér koma við sögu atburðir sem hreyfa sannarlega við tilfinningum þínum og þú ert að sama skapi minnt/ur á að gefast aldrei upp því þér virðist það sem þú tekur þér fyrir hendur á næstunni sannarlega færa þér nægtir. Stress og álag ættu ekki að taka yfirhöndina. Njóttu þess að eiga rólega stund með fólkinu sem þú treystir fram yfir áramótin.*

## Bogmaðurinn (22. nóv.–21. des.)

### Stjórnsemi þín er óþolandi



Eyþór Arnalds
fæddur: 24. nóvember 1964

*Ekki gleyma áætlunum þínum og gakk fyrr en síðar í verkefni sem þú hefur látið sitja á hakanum lengi vel. Óöryggi þitt á það til að birtast í dulúð og stjórnsemi en þar kemur metnaður þinn og sigurvilji greinilega fram. Þér er ráðlagt að hlusta og trúa og leggja sérstaka rækt við fólkið sem er tilbúið að hlúa að þínum þrám og ber virðingu fyrir þér eins og þú ert. Taktu eftir öllum smáatriðum líðandi stundar sem kunna að vera mun stærri en þig grunar í dag. Hugaðu vel að áherslum þínum.*

## Steingeitin (22. des.–19. jan.)

### Þú þráir sjálfstæði og frelsi



Bjarni Felixson
fæddur: 27. desember 1936

*Nýttu þér styrk þinn og efldu sjálfstraust þitt árið 2007. Þú þráir að vera sjálfstæð/ur og óháð/ur sem er vissulega jákvætt en ef þú finnur fyrir efasemdum um eigin getu er komið að þér að breyta hugarfari þínu í þeim málum því þú býrð yfir virðuleika, yfirvegun, hugrekki, skipulagshæfni og viljastyrk Steingeitarinnar. Hér kemur fram að þegar þú ákveður að elska einhvern, gengur þú alla leið. Mikilvægt er að þú hlúir að tilfinningum þínum sumarið 2007 þrátt fyrir dugnað og sjálfstraust.*

# Kröftugu Detox tækin komin



Hreint vatn í byrjun



30 mín. seinna

Hjálpar líkamanum að hreinsa eitur og úrgangsefni úr sogæðakerfinu.
Pantanir óskast sóttar sem fyrst, takmarkað magn.

**Uppl. í símum 892-8861 (Sóley) / 692-9079 (Þóra)**



# Lífsklukkan

www.lifsklukkan.is

Taktur góðrar hvíldar

*Tilvalin jólagjöf!*

## Fyrir þig...



Vekur þig eðlilega með hægri sólarupprás á morgnana

Hjálpar þér að slaka á á kvöldin með hægu sólsetri

## Fyrir barnið þitt...



Allt að 30 mínútur af smáminnkandi birtu róar barnið þitt og svæfir

Tvær sólsetursstillingar: að algeru myrkri eða að næturlýsingu

***Hannað af helstu sérfræðingum Evrópu í birtumeðferð***

lumie

Upplýsingar um útsölustaði í síma 577 1400 eða á www.lifsklukkan.is

RVK

# SIRKUS

## Lífstílsþátturinn Sirkus RVK

Tíska - Matur - Uppákomur - Tónlist - Afþreying - Heilsa og spennandi fólk




8 sinnum
meiri hraði fyrir
sama pening
HiveLite 3.990 kr. á mánuði
Með Hive Lite færðu 8Mb nettengingu og 4 GB af erlendu niðurhali fyrir aðeins 3.990 krónur á mánuði. Fyrir sama pening færðu 1Mb tengingu hjá Símanum. Það er óneitanlega ekkert gaman að borga sama verð fyrir átta sinnum hægari tengingu. Enda er það algjör óþarfi – sérstaklega þegar það er ekkert mál að skipta. Hringdu í 414-1616 og fáðu meira fyrir peninginn.
Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is
Hive
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA • Ljósm. Svenni Speight

# .. DVD frá Músik ehf ..




## HELSTU ATBURÐIR 20. ALDAR

Frá fyrstu flugferð Wright-bræðra til síðustu aldamóta hafa ýmsir atburðir og uppgötvanir mótað manninn og samfélag hans.

Þetta eru þrír frábærir DVD-diskar í pakka um alla helstu atburði 20. aldar, samtals fjórar og hálf klukkustund af merkisatburðum.

## WORLD WAR II

Aldrei í veraldarsögunni hefur eins mörgum lífum verið fórnað eða eins mikil eyðilegging átt sér stað og í síðari heimsstyrjöldinni. Þegar því lauk árið 1945 var heimsmyndin breytt; Bandaríkin og fyrrum Sovétríkin drottnuðu.




## .. Fáanlegt í verslunum um land allt ..

Músik ehf